

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Hraunvellir.

Deiliskipulagið tekur til Hraunvalla, L203194. Fyrir er deiliskipulag í gildi innan svæðisins. Við gildistöku nýs deiliskipulags fellur eldra úr gildi. Í skipulaginu felst m.a. skilgreining lóða og byggingarreita fyrir íbúðarhús, útihús og gistihús.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. september 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 10. janúar 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 24. janúar 2024